

Rannsóknir á vatnasvæði Laxár og Fáskrúðar 1995

Inngangur

Sumarið 1995 var fremur seint á ferðinni og vorið einkenndist af miklum leysingum sem stóðu lengi vegna óvenju mikilla snjóalaga. Ekki var unnt að hefja vinnu í ánni fyrr en í lok júní, en gönguseiðagildra var sett niður 28. júní. Skömmu síðar gerði mikla norðanátt með úrfelli, flóð kom í ána og gildran aflagaðist. Það var því ekki fyrr en um rúma viku af júlí að hægt væri að tala um að sumarið væri hafið í ánni.

Laxá

Seiðaveiðar

Niðurstöður úr seiðaveiðum í Laxá 1995 eru sýndar í töflu 1. Veitt var þrisvar um sumarið. Í endaðan ágúst var mikið vatn í ánni og veiðar erfiðar. Ekki var þá unn, veðurs vegna, að veiða stöðina niður við brú. Hlutfall eins árs seiða var fremur lágt, óvenju mikið var af stórum seiðum tveggja og þriggja ára gömlum. Þetta er svipað ástand og undanfarin ár.

Tafla 1. Niðurstöður úr seiðaveiðum í Laxá sumarið 1995. Taflan sýnir meðallengdir (sm) aldurshópa á mismunandi stöðum og tíma. Fjöldi veiddra seiða í sviga.

Staður og dagsetning	Aldur:	0	1	2	3
Sólheimafoss					
8/7			4.4 (7)	6.4 (7)	8.5 (14)
Helgabakki					
3/8			5.7 (7)		8.5 (6)
30/8			5.7 (9)		10.0 (1)
Hólkotskvísl					
8/7				6.3 (3)	8.3 (8)
Kristnipollur					
3/8	2.9 (3)	5.4 (11)	7.5 (3)	10.4 (1)	
Leiðólfsstaðakvörn					
8/7		4.8 (6)	6.9 (27)	9.4 (3)	
Grófargil					
3/8	2.7 (5)	5.7 (10)	7.8 (10)	10.2 (2)	
30/8	3.3 (3)	6.2 (5)	7.9 (3)	10.9 (1)	
Brú					
8/7			7.1 (17)	10.2 (3)	
Skeggjagil					
8/7			9.0 (2)		
Samtals fjöldi:	11	55	72	39	

Lengd laxaseiða í sumarbyrjun við brú á Þjóðvegi og við Sólheimafoss er sýnd í töflu 2. Engin eins árs seiði fundust við brú að þessu sinni. Á myndum 2 og 3 má sjá lengd seiða á þessum stöðum allt frá árinu 1988.

Þess ber að geta að vorkönnunin fór fram 2 vikum síðar en venjulega.

Ekki var annað að merkja en að fæðuskilyrðin í Laxá væru eðlileg þegar

líða tók á sumarið, gagnstætt því sem var í Fáskrúð.

Veitt var neðst í Skeggjagili en þar fannst aðeins eitt seiði. Þrátt fyrir mikið vatn og erfið veiðiskilyrði var ljóst að lítið var af seiðum í Skeggjagili. Ekki var farið upp á heiðar vegna bleytu og vatnsgangs.

Lengd seiða í Laxá að hausti er sýnd í töflu 3. Hún var ein sú lægsta sem hefur fundist. Þar sem lengd seiðanna var nálægt meðallagi um vorið, verður að álykta að vaxtarskilyrði sumarið 1995 hafi verið léleg. Kemur þetta heim og saman við veðurfar sumarsins sem var hryssingslegt þegar það loksins hófst. Væntanlega hefur þetta neikvæð áhrif á framleiðslu gönguseiða árið 1995.

Tafla 2. Lengd laxaseiða í byrjun sumars á fiskgengum hluta Laxár 1988-1995.

Við brú á Þjóðvegi

Aldur í	Sýnatökuár og dagsetning									Fjöldi fiska								
	1988	1989	1990	1991	1992	1993	1994	1995		88	89	90	91	92	93	94	95	
vetrum	12/6	7/7	16/6	12/6	8/6	26/6	18/6	8/7										
1+	4.3	4.3	4.1	5.0	4.2	4.6	4.8	0		7	19	9	2	4	13	6	0	
2+	6.0	6.8	6.1	6.4	6.8	7.1	6.9	7.1		16	21	17	17	23	9	3	17	
3+	8.1	8.9	8.1	8.3	8.1	8.7	9.5	10.2		2	5	4	5	3	6	2	3	


Fyrir neðan Sólheimafoss:

Aldur í	Sýnatökuár og dagsetning									Fjöldi fiska								
	1988	1989	1990	1991	1992	1993	1994	1995		88	89	90	91	92	93	94	95	
vetrum	12/6	7/7	16/6	12/6	8/6	28/6	18/6	8/7										
1+	4.5	4.3	(4.1)	4.8	4.8	4.5	(4.8)	4.4		1	5	0	7	1	1	0	7	
2+	5.9	6.1	5.7	6.4	6.9	7.1	6.2	6.0		21	10	6	2	14	6	14	7	
3+	8.8	8.3	7.8	7.5	9.3	8.9	9.0	8.5		23	23	9	5	4	9	7	14	
4+	9.8	11.4	10.4	9.6	10.2		11.6			7	4	5	8	1	0	2	0	


(Engin árgömul seiði fundust vorin 1990 og 1994. Því eru gildin fyrir þessi ár sett í sviga.

Það er sú lengd sem fékkst á neðstu stöðinni þau ár.)

Mynd 2. Lengd laxaseiða við brú á Laxá í sumarbyrjun 1988-1995. Engin árgömul seiði veiddust 1995.



Mynd 3. Lengd laxaseiða neðan við Sólheimafoss í byrjun sumars 1988-1995



Tafla 3. Lengd laxaseiða að hausti í efsta hluta Laxár, við Sólheimafoss og Helgabakka.

Aldur/ Ár:	92	93	94	95
0+		3.7	4.0	3.3
1+	6.5	6.0	7.6	5.7
2+	8.4	9.3	10.3	7.9
3+	9.6	10.8		10.1

Fáskrúð

Veitt var neðst í Fáskrúð 9. júlí. Þá var mikið í ánni og erfitt að veiða. Afli var lítill, en ekki voru hafðar af því áhyggjur vegna þess hve skilyrði voru erfið til veiðanna. Áin var könnuð aftur 29 og 30 júlí og var ástand á seiðastofnum árinna þá þannig að nauðsyn þótti að senda út bráðabirgðaskýrslu svo unnt væri þá þegar að gera viðeigandi ráðstafanir. (Sjá viðauka xx)

Tafla 4. Lengd laxaseiða við brúna á Fáskrúð að vori (sumri) 1988-1994.

Aldur í vetrum	Sýnatökuár og dagssetning							Fjöldi fiska								
	1988 12/6	1989	1990 11/7	1991 12/6	1992 8/6	1993 26/6	1994 22/7	1995 9/7	88	89	90	91	92	93	94	95
1+	3.7		3.8	4.0	4.2	3.7	5.5		4		4	2	10	4	2	0
2+	6.0		5.4	5.5	6.6	6.5	7.4	6.0	16		16	1	5	10	3	5
3+	8.1		7.5	6.8		8.7	10.1		12		12	7	0	3	4	0
4+				8.4	8.3						5	3				
5+					10.9							1				
6+					11.2							1				

Seiðaveiðar

Ófiskgengi hlutinn

Veitt var á þremur stöðum ofan við Katla og fannst þar slangur af seiðum en aðeins 6 voru drepin til aldursgreininga. Mest var af smáum seiðum, um 6 sm að lengd en vart var við stærri seiði, 9-10 sm löng.

Smáu seiðin reyndust vera ársögmul, þau stærri tveggja ára. Munar þar verulega á vaxtarhraða frá 1994 og reyndar fyrri árum öllum. Tveggja ára seiðin voru jafn löng og þau höfðu verið þann 1. september 1994 og eins árs seiðin höfðu heldur ekkert lengst frá sama tíma.

Botninn í ánni var alveg stamur og það vottaði ekki fyrir gróðri (slýi) á steinum. Af þessum ástæðum þótti ekki réttlæt看legt að sleppa neinum seiðum á þetta svæði.

Eitt gönguseiði kom í net í Miðvatni. Það var 13.5 sm langt, alsilfrað og tveggja ára gamalt.

Veitt var í Þverá skammt fyrir ofan vaðið. Þar var mikið af seiðum u.þ.b. 9 sm löngum. Tvö voru drepin til aldursgreininga, þau voru eins árs gömul. Skilyrði í Þverá voru eðlileg enda vöxtur seiða þar sambærilegur við það sem hann hefur verið undanfarin ár.

Það virðist því eingöngu hafa verið ágæt ástand í Fáskrúð sjálfri á þessum tíma.

Tafla 3. Niðurstöður úr seiðaveiðum í Fáskrúð sumarið 1995. Taflan sýnir meðallengdir (sm) aldurs hópa á mismunandi stöðum og tíma. Fjöldi veiddra seiða í sviga. Sleppiseiði táknuð með *.

Staður og dagsetning	Aldur:	1	2
Ofan Katla *			
30/7		5.7 (3)	9.7 (3)
Þverá *			
30/7		8.7 (2)	
Miðvatn *			
30/6			13.5 (1)
Ofan og neðan Barka			
30/7		4.6 (8)	
Ofan Hellu			
9/7		4.7 (3)	
Brú			
9/7		6.0 (5)	
30/7		7.0 (1)	

Fiskgengi hlutinn

Veitt var á fiskgenga hlutanum á mörgum stöðum, bæði 9. og 30. júlí. Nær ekkert fannst af seiðum, það litla sem var að finna voru mjög smá seiði eins og tveggja ára gömul. Ljóst var að áin var nær "tóm". Þegar áin var skoðuð í maí með tilliti til væntanlegrar malartekju, fundust þar seiði. Svo virðist sem seiðin hafi drepist um vorið eða fyrri hluta sumars. Nánari útskýringar og tilgátur er að finna í Viðauka 1, bls. 6.

Horfur

Líklegt verður að telja að hin slæmu skilyrði í Fáskrúð hafi haft dregið úr framleiðslu gönguseiða vorið 1995 og smálaxagengd sumarið 1996 verði því undir meðallagi. Gönguseiði ársins 1996 munu eingöngu koma af ófiskgenga hluta vatnasvæðisins, ekkert efni í gönguseiði fannst á fiskgenga hlutanum sumarið 1995. Veiðiútlit í ánni á næstu árum er því mjög dökkt. Í vor verður að gera úttekt á því hve mikið er til af seiðum í eldi og dreifa þeim síðan eftir því hvernig næringarástand árinna verður sumarið 1996.

Áhrif Hafbeitarstöðvar Silfurlax í Hraunsfirði á laxagegnd í Dalaám

Haustið 1993 voru hafnar merkingar á náttúrulegum seiðum í nokkrum Dalaám í þeim tilgangi að meta hvort hafbeitarstöðin í Hraunsfirði tæki toll af náttúrulegum laxi og þá hve mikinn.

Fyrsta aðgerð var að merkja náttúruleg seiði að hausti, seiði sem menn gerðu ráð fyrir að gengju til sjávar vorið 1994 og færu að skila sér sumarið 1995, þá sem eins árs lax. Seiðin voru veidd með rafmagni í október og sú regla var viðhöfð að merkja aðeins seiði sem voru lengri en 8 sm.

Þetta var endurtekið haustið 1994. Einnig voru merkt sönguseiði á niðurleið úr Laxá í Dölum vorið 1994. Reynt var að merkja seiði á leið út úr Laxá vorið 1995 en það mistókst. Seiðin voru öll gengin hjá þegar unnt var að koma fyrir gildrubúnaði, en það var ekki fyrr en 28. júní.

Auk merkinga á seiðum voru stundaðar rannsóknir á hreistri sem starfsmenn Veiðimálastofnunar söfnuðu í Hraunsfirði. Unnið hefur verið úr sýnunum í Vesturlandsdeild Veiðimálastofnunar í Borgarnesi.

Skýrsla um endurheimtur merktra seiða sumarið 1995 var birt í október 1995. Skýrsla um niðurstöður hreistursrannsókna árána 1994 og 1995 hefur ekki enn verið birt, enda mun úrvinnsla ekki vera lokið að fullu.

Engin seiði voru merkt 1995 og ekki eru áform um að merkja aftur. Merkingartilraunum mun vera lokið.

Endurheimtur laxa sem merktir voru í Laxá sjást í töflu 4. Þar kemur m.a. fram að 8 fiskanna voru úr seiðagildrunni og 3 úr rafveiðum haustið fyrir útgöngu. Þá er ánægjulegt að sjá að einn fiskur hefur skilað sér af seiðunum sem veidd voru í Laxá sumarið 1992 og flutt í Laxárvatn.

Tafla 4. Merkingar í Laxá í Dölum.
Endurheimtustaðir sumarið 1995.

Merking	Fjöldi	Dags.	Endurheimtustaður
Laxárv	1	haust 92	Laxá D.
Gildra	5	Vor 94	Laxá D.
Rafveiðar	3	Haust 93	Laxá D.
Kverngrj.	2	Haust 93	Laxá D.
Gildra	2	Vor 94	Hraunsfjörður
Gildra	1	Vor 94	Laxá Leirársv.

Árið 1995 fundust 17 merktir laxar sem merktir höfðu verið sem náttúruleg seiði. 10 laxanna komu fram í heimaánum, 6 í Hraunsfirði og 1 fannst annars staðar.

Miðað við 50% veiðiálag í ánum þýðir þetta að 24% tollur hafi verið tekinn í Hraunsfirði (ekki 16.1% eins og segir í skýrslu Veiðimálastofnunar).

Mér finnst að veiðiálag sé of lágt áætlað. Þegar göngur eru svo litlar sem þær eru nú í Dalaám má ætla að veiðiálag sé mun hærra. Kunnugir segja að mun minna af laxi sé nú í ánum í lok veiðitíma en var þar fyrir nokkrum árum. Ef miðað er við að veiðiálag í ánum hafi verið 75%, þá hefur Hraunsfjarðartollurinn verið 32%. Mikil óvissa er í þessum tölum vegna þess hve endurheimtur eru litlar. En þær staðfesta svo ekki verður um villst þann grun að Hraunsfjarðarstöðin taki verulegan toll af laxi sem er á leið í laxveiðiár í Dölum. Þessi tollur er væntanlega breytilegur milli ára en um það fæst ekki vissa þar sem rannsóknum hefur nú verið hætt. Það er áhyggjuefni að það skuli gerast þegar verulegum fjármunum hefur verið eytt í það sem kalla mætti undirbúningsvinnu. Með mistökin að leiðarljósi hefði verið hægt að bæta vinnubrögð og aðferðir og safna þannig þekkingu sem síðar hefði orðið dýrmæt.

Viðauki 1.

(Reykjavík 1. ágúst 1995)

Bráðabirgðaskýrsla um rannsóknir í Fáskrúð

Komið hefur í ljós að ástandið í ánni er nú mjög lélegt, jafnvel má kalla það alvarlegt. Þetta á við um seiðabúskap á fiskgegna hluta árinna og næringarástand hennar almennt.

Fyrst var áin könnuð í byrjun júlí og fannst þá lítið af seiðum. Þetta var þá að hluta skrifað á hve áin var vatnsmikil og erfitt að veiða í henni og hversu köld hún var.

Aftur var rafveitt 29 og 30 júlí, bæði á ófiskgenga svæðinu fyrir ofan Katla, í Þverá ofan við veginn og á fiskgenga svæðinu á þremur stöðum.

Helstu niðurstöður

Á ófiskgenga hlutanum fannst nokkuð af eins og tveggja ára seiðum. Þó ekki hafi fundist mikið af seiðum var magnið þó viðunandi. Seiðin voru mun smærri eftir aldri en þau hafa verið á undanförunum árum. Það er ekki óeðlilegt miðað við hve áin hefur verið köld og vatnsmikil í sumar.

Í Þverá fannst mikið af tveggja ára seiðum 8-9 sm löngum. Þau voru feit og vel haldin en þess ber að geta að búsvæði í Þverá eru fá eftir miklu flóðin í hitteðfyrri.

Á fiskgenga hluta Fáskrúðar fundust nánast engin seiði þótt vel væri leitað. Þau fáu seiði sem fundust voru eins árs og tæpir 5 sm að lengd. Einungis 1 tveggja ára seiði fannst og var það 7 sm langt. Kvarnir seiðanna sýna að sumarvöxtur er rétt byrjaður. Segja má því að fiskgengi hluti árinna sé nánast seiðalaus.

Aðrar athuganir

Botn árinna var mjög stamur þannig að slýframleiðsa (fóður) er vart byrjuð. Við skoðun á steinum í botni fundust ekki á þeim nein dýr, hvorki ryk- né bitmýslirfur. Fæða er því lítil í ánni og þó seiðin séu fá, vaxa þau ekki vegna almenns fæðuskorts. Þetta mun þó væntanlega breytast þegar fæðuskilyrði batna.

Skýringar

Sennilega er þetta afleiðing af slæmu árferði í fyrra og nú í vor. Í fyrra sumar voru miklir þurrkar og búsvæði fæðudýra þornuðu að stórum hluta. Í venjulegu árferði kviknar botndýralíf fljótlega aftur að vori og ætisskilyrði batna þó þurrkun árinna rýri mjög haust og vorfóður seiðanna.

Nú í ár voraði mjög seint, mikið og kalt vatn var í ánni og dýralíf er því mjög seint á ferðinni. Ætla má að seiði sem af völdum þurrka í fyrra hafi verið illa undir veturinn búin, ekki þolað þessa "frestun" sem orðið hefur á sumrinu og því gefist upp (drepist). Stærstu seiðin eru þurftarfrekari en þau smáu og hafa því orðið verr úti.

Það sem m.a. styður þessa tilgátu er að stærri seiðin á ófiskgenga hlutanum hafa haldið þetta betur út vegna þess að þau hafa verið betur undir veturinn búin.

Aðgerðir

Þar sem ekkert æti er í Fáskrúð núna þýðir ekki að sleppa þar seiðum. Tillaga mín er að öllum sleppingum í Fáskrúð verði frestað þar til næsta vor. Seiðin sem þangað áttu að fara verði geymd í eldisstöðinni þar til næsta vor. Þá verði þeim sleppt snemma sumars 7-8 sm löngum.

Sleppt verði í Þverá og vötnin eins og áður hefur verið gert.

Viðauki 2**Jón Kristjánsson:**

Reykjavík 15. maí 1995

Veiðimálastofnun Vesturlandsdeild**Álit á væntanlegri malartekju úr Fáskrúð**

Þann 12. maí fór ég og skoðaði sérstaklega svæðið þar sem ætlunin er að taka mól. Nokkuð mikið vatn var í ánni og því ekki hægt að gera sér fulla grein fyrir því hvaða kvíslar þorna í venjulegu sumarrennsli. Þær kvíslar sem ekki þorna eru varanleg búsvæði laxaseiða og hluti af framleiðslusvæði árinna.

Væntanlegt námasvæði er hólmi í ánni, áin rennur beggja megin við hólmann, megin kvíslin er að norðanverðu, kvíslin að sunnan er minni en heldur sér sennilega nema í allra mestu þurrkum. Nú var þriðja kvíslin til staðar, hún gteinir sig í fleitri kvíslar neðst í hólmanum. Þessi kvísl þornar líklega þegar vatn minnkar í ánni. Hólminn er að miklum hluta þakinn gróðri. Grónu svæðin eru að öllu jöfnu þurr, ógrónu svæðin sýna hvar vatnið er að vinna í hólmanum.

Mat á áhrifum:

1) Malartekja myndi líklega ekki eyðileggja mikið af núverandi framleiðslusvæði laxaseiða ef kvíslin sem rennur eftir miðjum hólmanum þornar í venjulegu sumarrennsli.

2) Ef séð verður um að grugg berist ekki í miklum mæli niður ána og gerð verði brú yfir suðurkvíslina meðan á malartekju stendur, ættu áhrif á seiðaframleiðsluna að verða lítil

3) Malartekja upp á 20.000 m³ myndi skilja eftir sig stóra gryfju sem myndi veikja hólmann verulega. Vatnið myndi finna sér aðra farvegi og vera á stöðugu flandri þar til nýju jafnvægi yrði náð en slíkt gæti tekið áratugi. Þá gætu núverandi kvíslar eyðilagst og árbotninn á þessu svæði yrði óstöðugur. Sagt hefur verið að komið yrði í veg fyrir að áin bryti sér nýja leið með því að koma fyrir varnargörðum. Reynslan hefur sýnt að stöðugt þarf að vera að endurbæta varnargarða og hætt er við að mönnum entist ekki þolinmæði til þess þegar til lengri tíma væri litið. Auk þess getur áin tekið „skyndiákvæðanir“ í miklum vatnavöxtum svo ekki yrði við neitt ráðið.

4) Náman og rask henni tengt eru náttúruspjöll. Þó ekki sé hægt að tengja slík spjöll beint við líftíki árinna, er þó ljóst að þau hafa áhrif á umhverfið og rýra gildi árinna sem ósnortins veiðivatn. Það hefur bein áhrif á verðgildi árinna þegar kemur að útleigu hennar til veiði.

Ályktun

Í ljósi þess sem sagt er hér að ofar er það álit mitt að væntanleg malartekja muni rýra Fáskrúð sem laxveiðiá og leggst því gegn slíkum hugmyndum.